

Reglugerð fyrir ósjúkratryggða Breytingar 5. desember 2018

Origo Heilbrigðislausnum var gert kunnugt um það að reglugerð um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og greiðslur þeirra fyrir heilbrigðisþjónustuna var breytt 5. desember síðastliðinn.

Ef til vill hafið þið fengið upplýsingar um þetta í desember síðastliðnum frá SÍ en við vildum vera viss um að þið hefðuð þessar upplýsingar og sendum því til ykkar þessa Sögustund.

Vinsamlegast lesið yfir reglugerðina og gerið þær breytingar sem þið þurfið í Sögukerfinu.

Reglugerðina má finna í eftirfarandi hlekk:

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/velferdarraduneyti/nr/21341>

Við vildum sérstaklega minna á fast gjald ósjúkratryggðra við komu til sérfræðinga sem hækkar úr 4400 kr í 4700 kr og er því gjaldi breytt í stilligildi 3014. Til þess að breyta stilligildi er farið í „Umsjón“ – „Stillingar“ – „Stillingar“.

Ef þið hafið einhverjar spurningar um þetta þá sendið okkur póst á thjonusta@origo.is.

Origo - Heilbrigðislausnir